

Fjórðungsþing Vestfjarða.

Þingforseti, Ágætu gestir.

Ég vill byrja á að færa þinginu kveðjur frá þingmönnum kjördæmisins en við erum hér þrjú, sá sem hér stendur, Lilja Rannveig og Halla Signý. Aðrir áttu ekki heimangengt en eins og ég sagði áður báðu fyrir góðar kveðjur til ykkar.

Tímin líður hratt en og mér finnst nú styttra síðan en eitt ár að ég stóð hér og ávarpaði fjórðungsþing Vestfjarða sem haldið var á Ísafirði í mínu fyrsta embættisverki sem nýr þingmaður norðvestur kjördæmis. Ég vill í byrjun óska nýjum sveitarstjórnarfulltrúum til hamingju með kjörið og að taka að sér þetta ábyrgðafulla hlutverk sem það er að vera fulltrúi síns sveitarfélags og talsmaður samfélagsins. Einnig óska ég þeim sem setið hafa lengur til hamingju en því ber svo sannarlega að fagna að einstaklingar séu tilbúnir að gefa af tíma sínum í samfélagsverkefni sem þetta í meira en eitt kjörtímabil en hröð endurnýjun innan sveitarstjórnarstigsins er vandamál sem þarf að finna leiðir til að tækla og vinna starfshóps um starfsaðstæður sveitarstjórnarfólks sem Guðveig Eyglóardóttir sveitarstjórnarfulltrúi í Borgarbyggð stýrir hefur einmitt það verkefni nú.

Áður en ég tók sæti á Alþingi sat ég í sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar í 12 ár hef ég setið út í sal og hlustað á sambærilega ræðu sem sveitarstjórnarfulltrúi. Það er ánægjulegt og skiptir okkur máli að rödd sveitastjórnarfólks heyrir á Alþingi og að við sem höfum valist til setu á Alþingi og höfum bakgrunn í sveitarstjórnarmálum höldum vel á lofti hagsmunum sveitarfélaganna, sem eru svo sannarlega ríkir og skipta okkur sem hér erum inni miklu máli og ekki síður þá íbúa og þau samfélög sem sveitarfélögin hýsa.

Samskipti ríkis og sveitarfélaga, tekjuskipting ríkis og sveitarfélaga, verkefnaskipting ríkis og sveitarfélaga eru verkefni sem ekki verða leyst í einum vettvangi heldur eru þau viðvarandi og í sífelldri endurskoðun. Þar þarf að vera rétt gefið. Í því verður að vinna. Það er okkar sem höfum valist til setu á Alþingi að beita okkur fyrir því. Það er byggðarmál og sennilega eitt stærsta byggðarmálið.

Svo ég setji á mig sveitarstjórnarhattinn örskotsstund í þessari ræðu, þá er óhætt að segja að við sem stöndum sveitastjórnar megin teljum að það halli verulega á sveitarfélögin er kemur að ofnatöldu. Þrátt fyrir ötula baráttu okkar ágæta fólks í framvarðasveit sveitarfélaga og ráðuneytis hefur okkur ekki tekist að ná fram þeim leiðréttingum sem við höfum óskað eftir en þó höfum við náð áfangasigrum og er það vel. En betur má ef duga skal.

Það er mikilvægt og mögulega mikilvægara en aldrei fyrr að samtal sveitarstjórna og þingmanna í kjördæminu verði virkt og við náum að snúa bökum saman í þeim fjölmörgu verkefnum sem fram undan. Verkefni sveitarfélaganna eru að stóru leiti óbreitt óháð stjórnarmynstri eða stjórnasáttmálum. Verkefnin á Vestfjörðum eru fjölmörg og ljóst að við þurfum að bretta upp ermar ætlum við að ná árangri í þeim.

Mikið hefur áunnist í samgöngumálum á Vestfjörðum á síðustu árum og ljóst að þrátt fyrir þann árangur er langt í land og áfram þurfum við að berjast fyrir því að haldið verði áfram með þær framkvæmdir þar til hringurinn hefur verið að fullu kláraður. Við þurfum að leggjast á árarnar við gerð nýrrar jarðgangnaáætlunar þannig að forgangsöröðun ykkar sem fram kemur í samgönguáætlun Vestfjarða nái fram að ganga. Mig langar að þakka sérstaklega fyrir þá vinnu, þá forgangsöröðun, því hún auðveldar okkur verulega að þrýsta á að þær framkvæmdir komist sem fyrst á áætlun

Endurskoðun á lagaumhverfi laxeldir er annað mál sem skiptir landshlutann verulegu máli. Það er ljóst að þar þarf að gera á breytingar. Laxeldi í þeirri mynd sem við sjáum nú hér og fyrir austan er í raun ung atvinnugrein þó svo að laxeldi hafi verið stundar hér á landi í langs tíma í einhverri mynd. Það er ekki ætlun mín að fara yfir allt það sem þarf að laga í þeim eignum hér en eitt sem þó hefur

stungið mig og snert sveitarstjórnarmanninn í mér er úthlutun úr fiskeldissjóði sem er samkeppnissjóður sveitarfélaganna þar sem sveitarfélögin keppast um að fá fjárveitingar til að standa undir þeirri innviðaupbyggingu sem atvinnugreininn er nauðsynleg og í þá uppbyggingu sem samfélaginu er nauðsynleg. Það þarf að vera fyrirsjáanleiki í rekstri sveitarfélaga og ekki boðlegt að á málum sé haldið með þessum hætti. Að sveitarfélag, sem þarf að ráðast í uppbyggingu innviða í tengslum við laxeldið þurfi að sækja um í sjóð, sem enginn vissa er fyrir um að neitt komi úr, og ef kemur þá er alger óvissa um hvort fjármagn koma á næsta ári til að halda áfram með framkvæmdina. Þessu þarf að breyta.

Raforkuöryggi er annað rísa mál hér á þessu svæði. Sú staða sem Vestfirðingar búa við í dag er ekki boðleg til lengdar. Með auknum umsvifum í atvinnulífi Vestfirðinga er ljóst að það þarf aukna orku inn á svæðið, með nýrri virkjun eða öðrum streng, eða hvoru tveggja. Einnig þarf að taka inn í dæmið kerfisvöxt, þ.e.a.s. aukningu almennings og fyrirtækja á svæðinu án þess að nýir notendur bætast við. Þetta svæði situr eftir og hefur gert á svo mörgum sviðum og eru orkumálin eitt af þeim. Hér er um langtíma verkefni að ræða og því ljóst að brúa þarf bilið þar til með öðrum úrræðum s.s. fjarvarmaveitum og varmadæmum svo dæmi séu nefnd.

Ágætu fulltrúar, ég gæti haldið áfram í allan dag að telja upp verkefni en ætla að setja punktinn hér að sinni og geri mér fullkomlega grein fyrir því að listinn er ekki tæmandi, langt því frá.

En það er okkar sameiginlega markmið að ná þessum málum og fleirum í gegn á komandi árum. En til að ná árangri þarf vinnu og áræðni og samtakamátt. Það er ekki verk eins manns, eða tveggja. Saman sem ein heild, þingmenn, óháð flokkum, sveitarstjórnir, óháð flokkum og landshlutasamtök geta lyft grettistaki náum við þeirri samstöðu. Það höfum við séð hér og víðar í kjördæminu og er til eftirbreytnar. Við þurfum og verðum feta okkur þá braut því þannig erum við sterkust, þegar við sækjum fram viljum við sækja fram sem sterk heild sveitarfélaganna, þingmanna kjördæmisins og landshlutasamtakanna.

Aðstæður sveitarfélaga eru ólíkar. Sveitarfélögin á Vestfjörðum eru misjöfn að stærð, íbúafjöldi er misjafn, þau eru fjölkjarna og með einn kjarna og áherslur hvers og eins eru misjafnar. Það er mikilvægt fyrir okkur sem þingmenn kjördæmisins að hlusta að allar raddir og öll sjónarmið þessara sveitarfélaga og leggja okkar lóð á vogarskálarnar til aðstoðar getum við orðið að liði og sé þess óskað.

Ég þakka fyrir þetta tækifæri til að fá að vera með ykkur hér í dag. Það er mikilvægt fyrir þingmenn að halda góðu sambandi við sveitarstjórnarstigið og fundir sem þessir eru mikilvægur þáttur í því. Ég kalla eftir góðu samstarfi og samvinnu við ykkur ágæta sveitarstjórnarfólk á komandi mánuðum og árum.

Kærar þakkir og gangi ykkur sem best í ykkar mikilvægu störfum fyrir ykkar samfélög og Vestfirði.

Takk fyrir mig.